



## **290. Stjórnarfundur haldinn 21. júní 2007 kl:18:00**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn og Bjarney.**

### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

Lesin og samþykkt.

### **2. Innkominn bréf.**

Bréf frá: íbúum Heiðarenda 6 og 8 v/ frágangs á lóð. Framkvæmdastjóra falið að ræða við Húsagerðina og kanna málið, einnig verður erindinu svarað bréflaga.

### **3. Send bréf.**

Engin.

### **4. Félagsaðstaða Keflavíkur Hringbraut.**

Aðalstjórn var boðuð til fundar með aðilum Stafnvíkur h/f á Hafnargötu 51 – 55. Erindið var að kynna nýtt skipulag við knattspyrnuvöll félagsins við Hringbraut. Lögð var fram teikning að byggingu á 5 fjölbýlishúsum meðfram Hringbraut, einnig markmið hlutafélagsins. Stjórn Safnvíkur h/f óskaði eftir því við aðalstjórn að fá vilyrði frá aðalstjórn félagsins til að fara í þessa framkvæmd. Umræður urðu um málið. Framkvæmdastóra falið að óska eftir málsettri teikningu sem sýnir staðsetningar á þessum fjölbýlishúsum frá Hringbraut svo menn geti áttað sig á hvað verið sé að fara mikið inná svæði félagsins, einnig að fá sölumat á félagsheimilinu.

### **5. 17. júní.**

EH fór yfir gang mál hvað varðar hátíðarhöldin á 17. júní. Allt fór vel fram en hvað varðar viðskipti við Sprell þá kom ekki eitt tæki. Búið að ganga frá gæslu með tækjunum og þurfti því að endurskipuleggja gæsluna. Smá bilun varð í hljóðkerfinu sem var miður en var svo lagað.

### **6. Landsmót.**

SG og BSS fóru yfir stöðu mála. Vinna í fullum gangi. Búið er að ákveða yfirhöfn, einnig fá þátttakendur húfur. Allar líkur á að um og yfir 50 manns verið í göngunni á setningarathöfninni.

### **7. Önnur mál.**

EH sagði frá því að símaskrá félagsins ætti að vera kominn í öll hús í Reykjanesbæ.

Næsti fundur boðaður af framkvæmdastjóra.

Stjórnin er komin í sumarfrí

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:30

